



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu íslensks álorðasafns,
álverinu í Straumsvík
15. nóv. 2019**

Ágæti forstjóri,
annað starfsfólk álversins í Straumsvík
og aðrir góðir gestir

Ég þakka fyrir það tækifæri að vera með ykkur hér í dag þegar við fögnum útgáfu orðasafns um hugtök og heiti í íslenskum álheimi. Um leið gefst færi á að minnast hálfrar aldar afmælis álframleiðslu á Íslandi, starfsemi sem hófst hér í Straumsvík. Vissulega stóð styr um þau umskipti í íslenskum atvinnuvegi og samfélagi. Sumarið 1969 baðst Kristján Eldjárn forseti undan því að leggja hornstein að þessari byggingu. Slíkt gerði forseti nær aldrei fyrir einkafyrirtæki, skrifaði hann í dagbók sína, og þar að auki væri eigandinn útlendur. Stóriðja var forsenda stórvirkjana, stóriðjan var í eigu útlendinga og stórvirkjanir settu mark sitt á íslenska náttúru. En meirihluti valdhafa og landsmanna vildi stíga þetta skref og Kristján skráði áfram hjá sér þessi orð: „Ekki svo að skilja að ég sé á móti álbræðslunni, það hef ég aldrei verið, en ég verð að vara mig þegar um mikil pólitísk mál er að ræða.“

Það gæti í sjálfu sér verið fróðlegt og ögrandi viðfangsefni að ímynda sér Ísland án allrar stóriðju og allra stórvirkjana, eða aðeins án þeirra virkjana og iðjuvera sem risu í fyrstu atrennu. Erfitt gæti reynst að láta þá niðurstöðu vera jákvæða þjóðarhag þegar allt er tekið með í reikninginn.

Það er þó ekki nauðsynlegt að stunda þannig hugarleikfimi. Höfum líka í hug orð forvera míns. „Ég verð að vara mig þegar um mikil pólitísk mál er að ræða,“ sagði hann og hér erum við á fagnaðarstundu. Allt á sinn stað og stund. Og hingað er gott að koma. Hingað kom annar forseti, Vigdís Finnbogadóttir, í

aðdraganda forsetakjörs sumarið 1980, fyrir tæpum fjörutíu árum. Hún glansaði að venju og lét engan slá sig út af laginu. Í frásögn eins blaðanna af fundi hennar hér segir svo:

Einhverjir gerðu að umtalsefni að Vigdís væri kona einhleyp: „Já, ég hef heyrt að sumir setji fyrir sig að ég sé makalaus kona!“ svaraði hún. „En mér hefur tekist bætilega að axla mín skinn ein míns liðs síðastliðin 20 ár og hef sinnt bæði því sem kallað er „karlmannsverk“ og innanhússverkum. Maki forseta sinnir ekki embættisverkum hans. Það verður hann ætíð að gera sjálfur. Ef menn sjá mig fyrir sér sitja við annan borðsendann í veislu á Bessastöðum og hinn borðsendann makalausán þá er hugsanlegt að leysa málið með hringborði!

Vigdísi var klappað lof í lófa fyrir tilsvárið, sagði áfram í frásögn blaðamanns. Enn annar forveri minn, Ólafur Ragnar Grímsson, styðst líka að embættistíð lokinni við Norðurslóðahringborð.

Já, við skulum hugsa í lausnum saman, bjartsýn og jákvæð, með drenglyndi og ráðvendni að leiðarljósi. Þannig er það enn eitt fagnaðarefnið hér að starfsfólki tókst nýverið að endurræsa kerskálann sem loka varð eftir að ljósbogi myndaðist þar, stórhættulegur og varasamur.

Heiður þeim sem heiður ber. Að sama skapi er þó engum til góðs að skapa falsmynd eða þegja þunnu hljóði þegar óréttlæti og grályndi blasir við. Ýmsar sögur eru til af erlendum stórrisum, sem hösluðu sér völlum á nýjum stað og fóru offari, léku innfædda grátt, með blekkingum, svikum og mútum. Þannig framferði er auðvitað óverjandi.

Við Íslendingar verðum að geta borið höfuðið hátt í útlöndum, ekki síst við sem höfum notið trausts til trúnaðarstarfa fyrir land og þjóð. Við viljum eiga okkar flaggskip og lofa þá sem þar eru á stjórnþalli, fólk í heimi menningar og mennta, íþróttu og lista, fólk í heimi hátækni og nýsköpunar, fólk í heimi iðnaðar og útvegs. Lengi höfum við stært okkur af forystuhlutverki til sjávar, þekkingu okkar og reynslu og vilja til að vinna með öðrum, öllum til hagsbóta. Þetta hef ég gert nýlega, svo dæmi séu tekin, í heimsóknum ytra og þegar ég tók á móti nýjum sendiherra Namibíu eins og lesa má í frétt á heimasíðu embættisins: „Loks var rætt um fiskveiðar undan ströndum Namibíu og framtíðarhorfur þar í þágu heimamanna“, og var þá vísað til þróunarsamvinnu þar ytra.

Kæru landar: Ef við, sem komum fram í þágu Íslands, eigum að geta lofað frumkvæði og dugnað í útvegi og öðrum greinum íslensks atvinnulífs, verðum við að sjá í verki að þar sé unnið af heilindum. Þeirri heildarmynd er vel hægt að halda við, sé vilji fyrir hendi.

Ágætu áheyrendur, sem hlýðið hér á þennan boðskap: Á yngri árum lék ég og æfði handbolta, meira af vilja en getu, og vermdi því gjarnan

varamannabekk. Einn þjálfarinn, eins ágætur og hann var, hafði þann sið að snúa sér að okkur strákunum þar þegar einhver klúðraði sínum málum illilega inni á vellinum og lét gremju sína í ljós við okkur, alsaklausa. Þetta var auðvitað ósanngjarn. En að vissu leyti skildi maður að einhvers staðar þyrfti reiði hans að koma niður.

Ég ítreka heillaóskir mínar til ykkar nú þegar við fögnum útgáfu hins íslenska álorðasafns. Ál er frábært orð, frábært dæmi um það hvernig nýjungar geta ætíð fundið sér stað í íslensku máli. Í sögu álversins í Straumsvík les ég að um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar hafi Baldur Jónsson íslenskufraeðingur bent á þetta kjörorð fyrir erlenda orðið alúmíníum sem léti illa í munn og samræmdist auk þess ekki íslensku málkerfi og málvitund. Íslensk málnefnd gerði orðið að sínu og íslensk þjóð í kjölfarið. Baldur benti þó glaður á að orðið hefði sést og heyrst mun fyrr. Hann nefndi til að mynda málmvísu séra Jóns Jónssonar í Stafafelli sem birtist í Almanaki Þjóðvinafélagsins árið 1914.

Kæru álmenn: Ég geri orð Jóns að mínum um leið og ég þakka gestrisni ykkar hér í Straumsvík:

Silfur og gull með gljáa fullan skarta,
má og blika eir og ál
einnig nikul, tin og stál.